

Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Árnes
804 Selfoss

Reykjavík, 2. nóvember 2023
UST202310-370/S.V.
09.04.03

Efni: Beiðni um tilnefningu í samstarfshóp vegna vinnu við stjórnunar- og verndaráætlun fyrir landslagsverndarsvæðið Kerlingarfjöll

Kerlingarfjöll og nærliggjandi svæði voru friðlýst samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 sem landslagsverndarsvæði árið 2020. Markmið friðlýsingarinnar er að vernda merkilegar jarðminjar svæðisins, landslag, óbyggðir og ásynd þess. Friðlýsingunni er einnig ætlað að efla Kerlingarfjöll sem útivistarsvæði en fjöllin hafa verið vinsæll áfangastaður útivistarfólks í áratugi.

Samkvæmt 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er það hlutverk Umhverfisstofnunar að hafa umsjón með gerð stjórnunar- og verndaráætlana fyrir friðlýst svæði.

Umhverfisstofnun hefur gefið út handbók um stjórnun friðlýstra svæða í umsjón Umhverfisstofnunar þar sem meðal annars er að finna leiðbeiningar varðandi gerð stjórnunar- og verndaráætlana. Verða þær leiðbeiningar hafðar til hliðsjónar við gerð áætlunarinnar fyrir landslagsverndarsvæðið Kerlingarfjöll. Leiðbeiningarnar má finna á [heimasíðu](#) Umhverfisstofnunar.

Við gerð stjórnunar- og verndaráætlana er lögð áhersla á samráð og samstarf við hagsmunaaðila og í samstarfshópi um gerð þeirra eru að jafnaði fulltrúar viðkomandi sveitarfélags, landeigenda og annarra ef þörf er talin á. Helsta hlutverk samstarfshópsins er meðal annars að koma upplýsingum áfram til sveitarstjórnar, funda reglulega um gerð áætlunarinnar, koma með ábendingar og athugasemdir í ferlinu og lesa yfir drög fyrir kynningarferli.

Sjá má stjórnunar- og verndaráætlunir sem hafa verið gefnar út, eru í kynningarferli og í vinnslu á síðunni <https://ust.is/nattura/stjornunar-og-verndaraetlanir/>.

Umhverfisstofnun óskar hér með eftir samstarfi við Skeiða- og Gnúpverjahrepp og að hann tilnefni fulltrúa í samstarfshóp um gerð áætlunarinnar. Þegar tilnefningar hafa borist í samstarfshópinn mun Umhverfisstofnun boða til fundar.

Nánari upplýsingar veita Sigrún Valgarðsdóttir og Valdimar Kristjánsson, sérfræðingar hjá Umhverfisstofnun, í síma 591 2000 eða í gegnum netföngin: sigrun.valgardsdottir@umhverfisstofnun.is valdimar.kristjansson@umhverfisstofnun.is. Vinsamlegast sendið tilnefningu í síðasta lagi þriðjudaginn 28. nóvember 2023 á netfangið sigrunv@umhverfisstofnun.is.

Virðingarfyllst,

Sigrún Valgarðsdóttir
sérfræðingur

Valdimar Kristjánsson
svæðissérfræðingur